

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 166/2022

2022/EES/66/02

frá 10. júní 2022

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/300 frá 19. febrúar 2019 um að koma á almennri áætlun fyrir krísustjórnun á sviði öryggis matvæla og fóðurs <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/300 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og fóður. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópu-bandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Ákvæði I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 59 í hluta 7.2 í I. kafla:

„60. **32019 D 0300:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/300 frá 19. febrúar 2019 um að koma á almennri áætlun fyrir krísustjórnun á sviði öryggis matvæla og fóðurs (Stjttíð. ESB L 50, 21.2.2019, bls. 55).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þegar framkvæmdastjórnin telur að upp séu komnar aðstæður af því tagi sem um getur í 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og þær aðstæður varða EFTA-ríki beinlínis, og settur er á fót viðbragðshópur í samræmi við ákvæði 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, skal viðbragðsfulltrúi eða -fulltrúar, sem tilnefndir eru af hálfu EFTA-ríkisins sem aðstæðurnar varða beint, og viðbragðsfulltrúi, sem Eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir, taka þátt í starfi viðbragðshópsins.“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 47a í II. kafla:

„47b. **32019 D 0300:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/300 frá 19. febrúar 2019 um að koma á almennri áætlun fyrir krísustjórnun á sviði öryggis matvæla og fóðurs (Stjttíð. ESB L 50, 21.2.2019, bls. 55).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 50, 21.2.2019, bls. 55.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 98.

Þegar framkvæmdastjórnin telur að upp séu komnar aðstæður af því tagi sem um getur í 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og þær aðstæður varða EFTA-ríki beinlínis, og settur er á fót viðbragðshópur í samræmi við ákvæði 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, skal viðbragðsfulltrúi eða -fulltrúar, sem tilnefndir eru af hálfu EFTA-ríkisins sem aðstæðurnar varða beint, og viðbragðsfulltrúi, sem Eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir, taka þátt í starfi viðbragðshópsins.“

3. Texti 31. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB) í hluta 7.2 í I. kafla og 43. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB) í II. kafla fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/300, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.